

## LÝSING GAGNAGRUNNS UM SAMFÉALGSGERÐ ÍSLANDS1703

HEITI:	Gagnagrunnur um samfélagsgerð Íslands 1703 (skst. GUS-1703).
ÁBYRGÐAR-MAÐUR OG TENGILIÐUR	Óskar Guðlaugsson (osg5@hi.is)
HÖFUNDAR	Árni Daníel Júlíusson, Björgvin Sigurðsson, Guðmundur Jónsson, Óskar Guðlaugsson, Ólöf Garðarsdóttir, Siguríður Hjördís Jörundsdóttir.
TÍMABIL GAGNAÖFLUNAR	2017–2024
TEGUND SKRÁR	WORD, Excel, PDF, JPG.
ÚTGÁFUDAGUR	1. febrúar 2025
ÚTGÁFA NÚMER	1.0
TILVÍSUN TIL GAGNASAFNSINS	GUS-1703. Gagnagrunnur um samfélagsgerð Íslands 1703 (GUS-1703). Útgáfa 1: <a href="https://1703.is/">https://1703.is/</a>
ÚTGEFIÐ EFNI UM RANNSÓKNINA	<i>Ástand Íslands um 1700. Lífshættir í bændasamfélagi</i> (Sögufélag: Reykjavík, 2024)

ALMENNT	<p>Gagnagrunnurinn GUS-1703 var búinn til í rannsóknarverkefninu <i>Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins. Fjölskylda og heimilisbúskapur á Íslandi í byrjun 18. aldar</i>, sjá <a href="https://1703.hi.is">1703.hi.is</a>. Honum er ætlað að gefa ítarlega mynd af íbúum Íslands og mikilvægum þáttum í samfélagsgerð og lífsháttum þeirra í byrjun 18. aldar. Að gagnagrunnum standa sagnfræðingar og landfræðingar við Háskóla Íslands og er Guðmundur Jónsson stjórnandi verkefnsins. Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í bókinni <i>Ástand Íslands um 1700. Lífshættir í bændasamfélagi</i> (Sögufélag, 2024). Efni gagnagrunnsins er að langmestu leyti sótt í manntalið 1703, kvikfjártalið 1703 og jarðabókina 1702–1714. Þessi gögn eru afrakstur af starfi jarðabókarnefndar sem skipuð var af Danakonungi 1702 til að kanna hagi Íslendinga. Í nefndinni voru Árni Magnússon prófessor í Kaupmannahöfn og Páll Vídalín Jónsson lögmaður.</p> <p>Um er að ræða venslagagnagrunn sem tengdur er við Arc-GIS landupplýsingakerfi og geymir hann samtengdar og landfræðilega hnitáðar upplýsingar um íbúa landsins, fjölskyldur, heimili, býli og jarðir á öllu landinu í byrjun 18. aldar. Þótt gagnagrunnurinn sé kenndur við árið 1703 spanna meginheimildir hans 11 ára tímabil frá</p>
---------	--

	<p>1702 til 1714. Gagnagrunnurinn er samsettur úr eftirfarandi grunneiningum: einstaklingur, heimili, býli, hreppur, sýsla, allt landið.</p> <p>Um gagnagrunninn, heimildir hans, hugtök og aðferðir við úrvinnslu gagna er náðar fjallað í <i>Ástand Íslands um 1700</i>, einkum í 2. kafla, og á vefsíðu gagnagrunnsins, <a href="http://1703.is">1703.is</a>. Hér á eftir er gagnagrunninum lýst, heimildum hans, efni, hugtökum og tölfræðilegri úrvinnslu.</p>
<p>LANDFRÆÐILEG ÞEKJA/ ÚTBREIÐSLA</p>	<p>Gagnagrunnurinn nær til alls landsins en þar sem eyður eru í meginheimildum, einkum Austurland í jarðabókinni, eru notast við aðrar heimildir frá svipuðum tíma til að fylla í þær.</p> <p>Öll lögbýli eru landfræðilega hnitúð en aðeins lítill hluti hjáleiga og því eru hjáleigur ekki sýndar í kortasjá gagnagrunnsins. Hnitin eru að stórum hluta fengin úr IS 50V gagnagrunni Landmælinga Íslands sem sýnir staðsetningu bæja í nútímanum. Um fjölda býla sem ekki finnast í nútímagögnum hefur verið leitað í Herforingjaráðskort Dana frá byrjun 20. aldar og elstu Atlaskort sem eru nokkru yngri.</p>
<p>SÝSLU OG HREPPASKIPTING</p>	<p>Miðað er við sýslu- og hreppaskiptingu eins og hún var í upphafi 18. aldar. Gögn Landmælinga Íslands um mörk hreppa og sýslna eru notuð sem grunnur, byggt er á hreppamörkum frá 1904 og þau síðan aðlöguð þeirri sýslu- og hreppaskiptan sem lesa má úr jarðabók Árna og Páls.</p>
<p>HEIMILDIR OG TENGING ÞEIRRA Á MILLI</p>	<p>Gagnagrunnurinn er að mestu byggður á þrem skýrslum sem urðu til í starfi jarðabókarnefndar: manntali á Íslandi frá 1703, óútgefnu kvikfjártali frá sama ári og jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1702–1714. Þeirri grunnreglu er fylgt að sækja upplýsingar um íbúa, heimili og búsetu í manntalið, um búfé í kvikfjártalið og að nokkru leyti í jarðabókina, og um býli, jarðir og eigendur þeirra í jarðabókina. Upplýsingar úr þesum þrem heimildum eru síðan tengdar saman. Ýmis vandamál komu upp í tengingarvinnunni vegna þess að mörg ár liðu frá gerð manntals til jarðabókar, mest 12 ár í sumum sýslum, og hafði þá orðið mikil röskun á mannfjölda og búsetu fólks vegna stóru bólu 170–1709.</p> <p>Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir þessum þrem heimildum.</p> <p>Manntalið var tekið frá desember 1702 og fram í júní 1703, aðallega í mars og apríl. Byggt er á stafrænni úrvinnslu Ólafar Garðarsdóttur á <i>Manntal á Íslandi árið 1703 tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum</i>. 17 bindi. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1924–1947. Flest öll skráningaratriði manntals voru skráð í gagangrunninn, þ. á m. nafn, kyn, aldur og búseta fólks, heimilisstaða og tengsl milli heimilismanna, og atvinna.</p>

	<p>Óútgefið kvikfjártal er aðalheimild um búfé í landinu og fór skráning fram að mestu leyti frá 16. maí til 4. júlí 1703. Farið er eftir stafréttri uppskrift Þjóðskjalasafns af frumgerð kvikfjártals. Flest efnisatriði talsins eru færð yfir í stafrænt form og skráðir helstu flokkar búfjár, nautgripir, sauðfé og hestar, sem síðan eru sundurliðaðir nánar. Búfé er skráð á eiganda eða heimili.</p> <p>Aðeins hafa varðveist skýrslur úr 102 af 163 hreppum og vantar alveg skýrslur úr Hnappadalssýslu, og aðeins ein hreppsskýrsla hefur varðveist úr Dalasýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu hverri um sig.</p> <p>Jarðabók Árna og Páls veitir upplýsingar um bústaði, býli og jarðir, eigendur þeirra og ábúendur, og ábúðarkjör leigujarða. Jarðabókin var skráð á tímabilinu 1702–1714. Við skráningu í stafrænt form var notast við <i>Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns</i>, 2. útgáfa, 13 bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1980–1990. Í jarðabók Árna og Páls vantar Múlasýslur og Skaftafellssýslur og hafa jarðabækur 1695–1698 verið notaðar til að fylla í eyðurnar. Um er að ræða nokkur atriði og er byggt á rannsókn Björns Lárussonar á jarðabókunum sem birtist í tveim ritum (Björn Lárusson. <i>The Old Icelandic Land Registers</i>. Lund: C.W.K. Gleerup, 1967, og Björn Lárusson. <i>Islands jordebok under förindustriell tid. Skrifter utgivna av ekonomisk-historiska föreningen</i>. Lund: Ekonomisk-historiska föreningen, 1982).</p>
<p>ÍBÚAR OG HEIMILI</p>	<p>Öll helstu atriði manntalsins eru skráð, þ.e. kynferði, aldur og hjúskaparstaða einstaklinga, búseta, heimilisstaða og atvinna. Ýmis atriði úr prentuðu útgáfun manntals hafa verið lagfærð og endurskoðuð m.a. með hliðsjón af frumheimild manntalsins. Það á m.a. við um tví- eða margskráningar einstaklinga sem hafa verið fjarlægðar. Við þetta fækkar íbúum nokkuð frá opinberum skýrslum.</p> <p>Um heimili og skiptingu íbúanna eftir heimilisstöðu þeirra er yfirleitt farið eftir prentaðri útgáfu manntalsins. Í henni er hvert heimili merkt með hring fyrir framan nafn húsráðanda eins og tíðkaðist í manntölum 19. aldar en í frumgerð manntalsins er slík aðgreining ekki gerð. Því er í sumum tilvikum matsatriði, einkum varðandi húsmenn, hvort um sé að ræða sérstök heimili eða þeir sú hluti af heimiili ábúanda. Í úrvinnslu fyrir gagnagrunninn eru talsvert færri húsmenn taldir hafa sjálfstætt heimilishald en í skýrslum Hagstofunnar. Húsmenn eru ekki taldir til sérstaks heimilis nema þeir séu sérstaklega greindir frá heimili bónda eða aðrar upplýsingar bendi til þess s.s. að þeir greiði húsaleigu eða eru óskyldi húsráðanda</p>

	Fólk er skráð þar sem það var talið hafa fasta búsetu, það er þar sem það taldist hafa lögheimili samkvæmt nútíma skilgreiningu.
Býli og bústaðir	<p>Öll býli og bústaðir sem getið er um í jarðabókinni 1702–1714 eru skráð í gagnagrunninn. Flest býli og bústaðir eru nafngreind en nafnlaus býli, t.d. „hjáleigugrey“ eða „tómthús niðri við voginn“, eru líka skráð og er þá lýsingin notuð sem nafn.</p> <p>Býli eru bújarðir með einhverja grasnyt og skiptast í lögbýli og hjáleigur. <i>Lögbýli</i> er sjálfstæð jörð sem metin var til dýrleika samkvæmt opinberu jarðamati og hafði fyrirvar, þ.e. á því hvíldi skylda að annast boðburð og ómagaflutninga. <i>Höfuðból</i> var aðaljörð í fasteignasafni, metin á 60 hundruð eða meira. – <i>Hálflendur</i> eða <i>hálfbýli</i> teljast lögbýli enda höfðu þær höfðu þær hálf fyrirvar á móti heimajörðinni. Fáeinir hálflendur höfðu ekki fyrirvar og teljast því til hjáleigna.</p> <p><i>Hjáleiga</i> (hjábýli) er land sem skipt var úr lögbýlisjörð og leigt til búskapar. Hjáleigur höfðu allajafna afmarkað tún og engjar en en áttu slægjur og afrétt með lögbýlinu. Hjáleiga var sjálfstæð rekstrareining háð lögbýlinu og greiddi hjáleigubóndinn jarðarafgjöld til fyrirvarsbóndans eða heimabóndans á lögbýlinu. Lögbýlið var þá heimajörð eða aðaljörð hjáleigunnar. Grasbýli, afbýli, grasbúðir og grasnytjabúðir falla undir hjáleigur.</p> <p><i>Þurrabúðir</i> svo og hús sem enga grasnyt hafa kallast bústaðir. Þurrabúðir (tómthús) voru híbýli sjómanna í sjávarbyggðum, einkum á Snæfellsnesi og Suðurnesjum. Nafnið þurr búð vísar til þess að þurrabúðarmaðurinn hafði ekki grasnyt og því enga mjólkandi gripi, kýr eða kindur.</p>
TVÍBÝLI, MARGBÝLI	Tvíbýli eða margbýli voru þær jarðir kallaðar sem byggðar voru fleiri en einum ábúanda og skiptu þeir þá með sér jörðinni. Jafnvel þekktist að þurrabúðum væri skipt milli tveggja húsráðenda.
MANNFJÖLDI OG EINKENNI HANS	Allir einstaklingar í manntali 1703 eru skráðir í gagnagrunninn. Allmargir einstaklingar eru fjarlægðir úr skráningunni vegna tví – eða margtalningar og lækkar því heildarfjöldi landsmanna um 218 frá opinberum tölum Hagstofu Íslands ( <i>Manntalið 1703</i> . Hagskýrslur Íslands II. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1960).
HEIMILI	Um heimili og skiptingu íbúanna eftir heimilisstöðu þeirra er farið eftir prentaðri útgáfu manntalsins frá 1924–1927. Í frumgerð manntalsins eru íbúar býlis eða þurrabúðar taldir upp í röð án þess að heimili séu skýrt aðgreind. Yfirleitt er hægt að sjá af stöðu manna hvaða heimili þeir tilheyra nema húsmenn sem ýmist halda heimili fyrir sig eða tilheyra heimili húsráðanda. Í prentuðu útgáfu manntals eru húsmenn sem talir eru halda heimili skýrt aðgreindir með hring

	<p>fyrir framan nafn þeirra en þetta er matsatriði. Í úrvinnslu fyrir gagnagrunninn eru talsvert færri húsmenn taldir halda sjálfstætt heimili en í skýrslum Hagstofunnar. Húsmenn eru ekki taldir halda sérstakt heimili nema þeir séu sérstaklega greindir frá heimili bónda eða aðrar upplýsingar bendi til þess s.s. að þeir greiði húsaleigu eða eru óskyldir húsráðanda.</p> <p>Í nokkru tilfellum getur einstaklingur verið húsráðandi á tveimur heimilum. Annars vegar er þá um að ræða bændur sem reka tvö bú, hvort með sínu heimilisfólki. Ef heimilisfólk og bústofn er sama er það talið sama heimilið á tveimur býlum.</p> <p>Ómögum og flökkurum sem eru á hreppalistum án heimilis og húsráðanda er safnað saman á sérstakt heimilsnúmer í gagnagrunni og er aðeins eitt númer fyrir hvern hrepp.</p> <p>Heimili eru tengd saman milli manntals, kvikfjártals og jarðabókar ef húsráðandi er annað hvort sá sami eða annar úr nánustu fjölskyldu húsráðanda búandi á sama heimili í manntalinu 1703. Þannig er t.d. heimili í jarðabók þar sem kona er húsráðandi (væntanlega ekkja) tengt við heimili í manntalinu þar sem sama konan kemur fyrir sem eiginkona húsráðanda. Þessi tenging milli heimila er gagnleg til að álykta um kvikfjäreign og ábúðarkjör heimila manntalsins 1703, og einnig til að skoða breytingar á högum heimila milli skráningarára heimildanna.</p>
EIGNIR	<p>Tvenns konar eignir eru skráðar í gagnagrunninn, jarðeign eða kvikfjäreign. Eign er skráð á einstakling eða aðila á tilteknu býli. Kvikfjäreign er skráð á heimili. Aðili er notað yfir stofnanir (kirkjur, biskupstóla og konungsumboð) og hópa einstaklinga sem eiga eign saman og er þá tilgreind hlutdeild hvers einstaklings í henni. Ef upplýsingar um eignarhlutdeild einstaklinga í arfi er ekki fyrir hendi er hún áætluð út frá erfðareglum. Ef ekki eru upplýsingar um hlutdeild einstaklinga í hóp er gert ráð fyrir að hún sé jöfn.</p>
ÁBÚÐ OG ÁBÚÐARKJÖR	<p>Ábúð merkir afnotarétt af jörð eða jarðarluta til búrekstrar eða annarrar atvinnu. Í gagnagrunninum er skráð hversu stóran hluta af hverri jarðeign heimili nýtir, mælt í jarðarhundruðum. Jörð getur skipst á milli tveggja eða fleiri ábúenda. Að sama skapi getur bóndi (heimili) haft ábúð á fleiri en einni jörð. Öll heimili manntals nema húsmanna hafa eitthvert jarðnæði eða hús til umráða og eru upplýsingar um þau fengin úr jarðabók og í stöku tilfellum manntalinu, t.d. þegar þess er getið að húsráðandi búi á hálfri jörðinni. Í allmörgum tilfellum er ómögulegt að vita með vissu á hvaða jörð heimili voru staðsett og er því ábúð víða skráð á óvissri eign. Ef ekki eru upplýsingar um hvernig ábúendur á fleirbýli skiptu á milli sín jarðarnotum er gert ráð fyrir að þau hafi skipst jafnt milli þeirra.</p>

	<p>Flestar jarðir í landinu voru leigujarðir og eru ítarlegar upplýsingar um ábúðarkjör þeirra í gagnagrunninum, byggðar á jarðabókinni. Helstu atriði leiguskiðmála fyrir jörð eða þurrabúð voru þessar:</p> <p>Landskuld: leigugjald fyrir afnot af leigujörð eða hjáleigu. Búðarleiga var greidd af þurrabúð.</p> <p>Leigukúgildi: Kýr eða kindur sem leiguliða eða hjáleigubónda var gert að taka á leigu hjá landeiganda eða heimabónda og borgaði hann leigugjald fyrir.</p> <p>Kvaðir: Skylda leiguliða eða þurrabúðarmanna að láta í té vinnu eða þjónustu fyrir landeiganda eða heimabónda án borgunar. Algengustu kvaðirnar voru róðrarskylda (skipsáróður, mannslán), dagsláttá eða dagsverk (um slátt) og hestlán.</p>
<p><b>ÞJÓÐFÉLAGS-STÉTTIR</b></p>	<p>Í gagnagrunninn eru skráðar helstu þjóðfélagsstéttir og ræðst stéttarstaða af eignum og efnahag. Notuð eru viðtekin heiti 17. og 18. aldar um stéttir sem hér segir:</p> <p>Bændur voru langfjölmennasta stéttin og áttu það sameiginlegt að ráða fyrir búi en að öðru leyti var um afar fjölbreytilegan hóp að ræða bæði hvað varðaði efnahag og atvinnu. Bændur skiptust í þrjá hópa: Sjálfseignarbóndi átti ábylisjörð sína. Í gagnagrunninum er miðað við að þeir eigi 50% eða meira í jörðinni.</p> <p>Leiguliði: Bóndi sem leigði ábyli eða jörð af landeiganda</p> <p>Hjáleigubóndi: Bóndi sem bjó á hjáleigu.</p> <p>Þurrabúðarmenn voru sjómenn sem bjuggu í þurrabúð eða húsi við sjóinn og lifði aðallega á fiskveiðum. Á þurrabúðarmönnum hvíldi jafnan sú kvöð að róa á bátum heimabónda eða landeiganda á vertíð eða allt árið.</p> <p>Húsmenn og húskonur voru leigjendur hjá bændum og stundum þurrabúðarmönnum sem ýmist stóðu fyrir heimili eða voru heimilismenn húsbónda. Oft höfðu húsmenn dálitla grasnyt en greindu sig frá hjáleigumönnum að því leyti að þeir bjuggu innanbæjar eða í afdeildu húsi við bæ bónda.</p> <p>Lausamenn og leysingjar voru óvistráðnir verkamenn sem unnu hjá bændum í skemmri eða lengri tíma. Sumir leysingjar voru flakkarar úr öðrum sveitum.</p> <p>Vinnuhjú/vinnufólk voru vistráðið fólk hjá bændum, oftast til árs í senn.</p>